

# Skóla- og frístundasvið hagræðingartillögur 2016

Borgarstjórn

2. febrúar 2016

# Leiðarljós við útfærslu hagræðingar

- Verja grunnþjónustu við börn og ungmenni eftir fremsta megni.
- Beita skýrri forgangsröðun – fjármagna forgangsverkefni, spara annars staðar.
- Fækkun stöðugilda, með áherslu á miðlæga skrifstofu. Flytja stöðugildi út í hverfin í anda dreifstýringar.
- Sparað á tilteknum kostnaðarliðum - ekki flatur niðurskurður á starfsstöðvar.
- Fresta eða hætta verkefnum til að spara og draga úr álagi.
- Skýrari árangursstjórnun – þjónusta skili árangri og framförum hjá börnum og ungmennum.

# Hagræðingartillögur SFS fyrir 2016

NR.	HAGRÆÐINGARTILLÖGUR Í ÞÚS.KR.	2016	2017
1	Lækkun á kostnaði við upplýsingatækni	40.000	50.000
2	Endurskoðun á miðlægri þjónustu	80.500	124.000
3	Endurskoðun á mötuneytisþjónustu	70.000	160.000
4	Hagkvæmari innkaup	25.645	90.000
5	Orkusparnaður	20.000	30.000
6	Breytt fyrirkomulag sundkennslu á unglingsstigi	25.000	25.000
7	Frestun á lækkun leikskólagjalda	120.000	0
8	Minni fjarvistir með heilsueflingu	20.000	90.000
9	Samnýting á húsnæði grunnskóla og frístundaheimila	45.000	60.000
10	Samlegð í rekstri og þjónustu starfsstöðva	95.000	140.000
11	Sérkennsla og stuðningur	80.000	100.000
12	Ýmis verkefni og styrkir	88.855	86.000
	Fjárheimild vegna flýtingar á inntöku yngstu barna í leikskóla	-40.000	
	<b>Samtals SFS</b>	<b>670.000</b>	<b>955.000</b>

## Lækkun á kostnaði við upplýsingatækni

Endurskoða skal UT þjónustu sem sviðið kaupir með það að leiðarljósi að auka hagkvæmni og gæði.

- Gjaldskrár UTD verði einfaldaðar og samræmdar með áherslu á að þjónustugjöld endurspegli í reynd gæði og umfang þjónustu.
- Stefnt verði að lækkun einstakra þátta í gjaldskrá UTD.
- Umfangi þjónustu verði breytt m.a. með aukinni fjarþjónustu.
- Nýttur verði opinn hugbúnaður í samráði við sérfræðinga og hugbúnaður sem er lægri í verði (t.d. Námfús í stað Mentor).

## Endurskoðun á miðlægri þjónustu – fækkun stöðugilda

Gerðar verði breytingar á skipulagi skólasafnaþjónustu og yfirstjórn frístundamiðstöðva. Starfsmannavelta verði nýtt til að fækka miðlægum stöðugildum.

## Breytt skipulag mötuneytisþjónustu

Hagræðing byggir á hagkvæmari innkaupum með útboðum, samstarfi á hverfagrunni, samræmdum borgarmatseðil og útvistun í takmörkuðum mæli, þar sem aðstæður krefjast. Verkefnið verði unnið í áföngum og hagrætt á sama tíma í núverandi kerfi. Um 100 starfsstöðvar SFS eru með mötuneytisrekstur. Hráefniskostnaður nemur 1,3 ma. kr. á ári, auk launa og annars rekstrarkostnaðar. Með aukinni samræmingu matseðla og fjölgun vöruflokka í útboði má ná aukinni hagkvæmni í innkaupum.

## Hagkvæmari innkaup

Lögð verði mikil áhersla á að innkaup hveftrar einingar verði með sem hagkvæmustum hætti. Leitað verði leiða til að ná samningum um stærri innkaup sem leiða til lægra verðs í innkaupum. Nú er mjög mikill fjöldi aðila sem kemur að innkaupum þar sem innkaup eru í litlu magni. Hér er um að ræða hagkvæmni í krafti stærðar – sem ekki er ætlað að skerða þjónustu við börn/nemendur.

## Orkusparnaður

Mótun verklagsreglna og leiðbeininga um leiðir til orkusparnaðar fyrir forstöðumenn og umsjónarmenn starfsstaða SFS út frá greiningu starfshóps um orkusparnað á starfsstöðum SFS. Hér er tækifæri til að minnka orkusóun.

## **Breytt fyrirkomulag sundkennslu á unglिंगastigi**

Þegar nemendur hafa lokið efsta sundstigi verði þátttaka þeirra í sundi valkvæð eða að sundkennslu ljúki almennt í 9. bekk. Miðað við aðalnámskrá ætti að vera hægt að koma til móts við fjölbreyttan áhuga unglinga á íþróttaiðkun í stað þess að skylda þá til áframhaldandi tímasóknar í sundi eftir að þeir hafa lokið tilskildum prófum.

## **Minni fjarvistir með heilsueflingu**

Tillagan byggir á innleiðingu viðverustefnu með það að markmiði að draga úr fjarvistum starfsmanna vegna veikinda. Aðgerðin felur í sér eftirfylgni, hvatningu og stuðning við heilsueflandi átak Reykjavíkurborgar með áherslu á stuðning við stjórnendur starfsstaða þar sem fjarvistir eru yfir meðaltali. Minni fjarvistir vegna veikinda bæta starfsanda, létta álag á starfsmenn og bætir þjónustu við börn/nemendur.

## **Sérkennsla og stuðningur á leikskólum**

Endurskoðað verður fyrirkomulag sérkennslu og stuðnings á leikskólum. Um er að ræða minniháttar breytingar á úthlutun stöðugilda til sérkennslustjóra; endurskoðað skipulag á þjónustu við börn með málþroskaröskun; breytt aðferðafræði við úthlutun til leikskóla og loks fækkun úthlutunarfunda.

## **Samnýting húsnæðis grunnskóla og frístundar**

Tillagan felst í aukinni samnýtingu húsnæðis grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Með aukinni samnýtingu er hægt að lækka húsnæðiskostnað og þar með innri leigu starfsstöðva, einkum með því að taka færanlegar kennslustofur úr notkun og draga úr leigu húsnæðis frá þriðja aðila.

## **Samlegð í rekstri og þjónustu starfsstöðva**

Tillagan felur í skoðun á samlegðartækifærum í rekstri og þjónustu starfsstöðva SFS. Með reglulegu millibili skapast nýjar aðstæður í hverfum borgarinnar vegna breytinga á íbúasamsetningu og íbúafjölda, sem kallar á endurmat á skipulagi starfsstöðva. Í þeim tilvikum þar sem stefnt verður að sameiningu starfsstöðva skal þess gætt að gott samráð verði haft við foreldra og starfsfólk við undirbúning og útfærslu. Þá verði sérstaklega hugað að mótvægisáðgerðum, sem séu til þess fallnar að styrkja starfsanda og bæta aðbúnað á starfsstað.

# Fjármagn til umbótaverkefna

## Læsi:

Efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning 40 m. kr.

## Fjölmennning:

móðurmálskenndsla barna af erlendum uppruna og stuðningur við íslenskunám tvítýngdra barna 35 m. kr.

## Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi:

Nemendamiðun og valdefling í skólastarfi 10 m. kr.

## Aukið vægi verk-, tækni og listnáms

Aukið framboð námstækifæra og tilboða 20 m. kr.

## Gæði og fagmennska:

Námsstyrkir til að auka fagmenntun starfsfólks á leikskólum 20 m. kr.

**Innleiðing umbótaþátta** með áherslu á skólaþróun 75 m. kr.